

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, **61**  
staðfestist hjer með ,samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924, og birtist til eftir- **12. sept.**  
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. sept. 1924.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Óddur Hermannsson.*

## REGLUGJÖRÐ

um

**62**  
17. sept.

breyting á reglugjörð um viðauka við hafnarreglugjörð fyrir Vestmanna-  
eyjakaupstað frá 7. júní 1924.

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 hefir ráðuneytið gefið út  
eftirfarandi reglugjörð um breyting á reglugjörð um viðauka við hafnar-  
reglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 7. júní 1924:

Við 3. gr.

- a. liður orðist þannig: Vörur, sem á farmskrá skips, eru ákveðnar til annara  
hafna en Vestmannaeyja, en eru látnar þar á land um stundarsakir  
vegna skemda á skipi, eða í misgripum.
- c. liður falli burt, en í staðinn komi: C.: Hey.
- e. liður, bætist við bögglaþóstur.
- h. liður, bætist við málsgrein svohljóðandi: Landmenn teljast þeir, sem búa  
á svæðinu frá Dyrhólaey til Þjórsár.

Við 6. gr.

Setningin „Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru“ o. s.  
frv., verði þannig: Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meiru en helmingi, telst  
heil gjaldeining, en minna brot og hálf gjaldeining, sem hálf gjaldeining.

Við 7. gr.

Setningin „þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 10 aura“, falli burt,  
en í staðinn komi: Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 25 aura.

62

Við 8. gr.

17. sept.

5. og 6. flokkur falli burtu og í staðinn komi:

5. flokkur: Gjald kr. 3,20 fyrir hvern ten.m.: Trjáviður og þess háttar vörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.

6. flokkur: Gjald kr. 6,40 fyrir hvern ten.m.: Húsgögn, hljóðfæri og aðrar ljettavörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.

Við greinina bætist:

8. flokkur: Gjald 200 aura fyrir stykki: Nautgripir, hross.

9. flokkur: Gjald 50 aura fyrir stykki: Sauðfje.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1924.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Oddur Hermannsson.*

63

## REGLUGJÖRÐ

18. sept.

um

refaveiðar í Norður-Þingeyjarsýslu.

### I. KAFLI.

#### 1. gr.

Hreppsnefndir hafa umsjón með refaveiðum hver í sínum hreppi; kýs hún einn mann til að sjá um framkvæmdir, og nefndist hann refaveiðastjóri.

#### 2. gr.

Á vorfundi annast refaveiðastjóri um að kosnir sjeu hæfilega margir skotmenn, og hverjum þeirra ætlað ákveðið svæði, skal á sama fundi tilnefna grenjaleitarmenn, og er heppilegast, að skotmaður sje með í leitinni. Finnist gren með yrðlingum í, skal skotmaður og aðstoðarmaður hans setjast að á því, og eru þeir þá skyldir til að liggja þar í þrjá sólarhringa, nema grenið sje áður að fullu unnið.